

3. Umferð um tengiveg vestan Hafnarfjarðarveggar skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Hamraborg í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
4. Við mót Hamraborgar og Hábrautar skal umferð Hamraborgar víkja fyrir umferð af Hábraut inn á Hamraborg samkvæmt ákvæðum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
5. Bifreiðastöður á Hamraborg eru bannaðar á svæðinu milli Skeljabrekku og tengivegar vestan Hafnarfjarðarveggar.
6. Einstefnuakstur til norðurs verði um bráðabirgðaveg milli Borgarholtsbrautar og Hamraborgar. Skal umferð um þann veg víkja fyrir umferð um Hamraborg samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Ákvæði síðasta málslíðs koma þá fyrst til framkvæmda, er gatnamót bráðabirgðavegarins og Hamraborgar hafa verið flutt vestur fyrir Hábraut.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 27. febrúar 1976.

Sigurgeir Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Jakobsdóttur og Jóns Jónssonar á Giljum í Mýrdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. febrúar 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Jakobsdóttur og Jóns Jónssonar á Giljum í Mýrdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sigríðar Jakobsdóttur og Jóns Jónssonar á Giljum í Mýrdal og er stofnaður til minningar um þau af syni þeirra, Markúsi Jónssyni, sem lést í Reykjavík 17. maí 1970.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er dánargjöf að upphæð 100 þúsund krónur til Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skógum undir Eyjafjöllum. Sjóðinn skal annaðhvort ávaxta í Landsbanka Íslands í Reykjavík eða vísitölutryggðum verðbréfum. Ákveður sjóðsstjórnin, að hve miklu leyti hvor þessara leiða verður farin.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins á að vera sá að kaupa til Byggðasafnsins þá muni, er menn-ingarsögulegt gildi hafa og fást eigi á annan hátt. Eins má nota fé úr sjóðnum til þess að láta gera líkingar af hlutum, sem nú eru með öllu ófáanlegir, en fengur er í að hafa í safninu. Enn fremur má nota fé úr sjóði þessum til annarra þeirra þarfa, sem Byggðasafninu geta komið að notum.

Þá má stjórn sjóðsins, ef hún álitur þess þörf og fé leyfir, veita þeim mönnum, sem dvelja við Byggðasafnið um stuttan tíma í rannsóknarskyni, einhvern fjárstyrk úr sjóðnum.

4. gr.

Samkvæmt tillögum í erfðaskrá stofnanda sjóðsins er hverjum þeim, sem heiðra vill minningu Gilnahjóna, heimilt er að styrkja sjóðinn með fégjöfum. Einkum taldi hann æskilegt, að afkomendur hjónanna minnstust þeirra með framlögum í sjóðinn.

5. gr.

Gera skal minningarspjöld, sem verða til sölu til ágóða fyrir sjóð þennan og mál-efni þau, sem hann á að styrkja. Fellur það í hlut sjóðsstjórnar að ákveða, hvernig sölu slíkra minningarspjalda verði best fyrir komið.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tekur sjálf ákvarðanir um kaup og styrkveitingar af fé sjóðsins og hefur óbundnar hendur í þeim efnum. Þó má aldrei skerða upprunalegan höfuðstól. Ef verulegur hluti eigna sjóðsins er bundinn í vísitölutryggðum verðbréfum, getur stjórnin selt þau eða tekið lán út á þau, þegar hún telur slíkt nauðsynlegt til þess að geta sinnt verkefnum sjóðsins til hlítar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skulu tveir vera úr stjórn Byggðasafnsins, en hinn þriðji hins vegar vera afkomandi Gilnahjóna, ef unnt er. Voru það tilmæli sjóðsstofnanda, að Jón Aðalsteinn Jónsson cand. mag. yrði af þeirra hálfu í fyrstu stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók, og skal í hana rituð skipulagsskrá þessi, ársreikningar sjóðsins og fundargerðir stjórnenda.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega í lok hvers árs, og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureikninga Vestur-Skaftafellssýslu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

17. mars 1976.

Nr. 84.

REGLUGERÐ

um húsafriðunarsjóð.

1. gr.

Húsafriðunarnefnd ákveður styrki úr sjóðnum og metur hvaða umsóknir séu styrkhæfar, sbr. 4. gr.

2. gr.

Húsafriðunarnefnd skal auglýsa eftir umsóknum til húsafriðunarsjóðs í dagblöðum og Lögbirtingablaði. Auglýsingar skal birta eigi síðar en í marsmánuði ár hvert. Umsóknir skal senda húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafni Íslands, Reykjavík.